

Ár 2015, fimmtudaginn 3. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 14. ágúst 2015.**
Í bréfinu er rætt um niðurstöðu könnunar meðal skólastjóra leikskóla um innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla og það sem betur má fara á leikskólum bæjarins.
Vísað til fræðslunefndar.
- 1.2. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 18. ágúst 2015.**
Í bréfinu er rætt um niðurstöðu könnunar meðal skólastjóra um innleiðingu og framkvæmd laga um leik- og grunnskóla og það sem betur má fara á skólum bæjarins.
Vísað til fræðslunefndar.
- 1.3. **Sigurbirni Grétari Ragnarssyni frá 20. ágúst 2015.**
Í bréfinu óskar bréfitari eftir að lóðin Dalsbrún 2-8 sem hann fékk úthlutað fari að nafn fyrirtækis hans MS-Fasteignir.
Bæjarráð samþykkir nafnabreytinguna.
- 1.4. **Norræna félaginu í Hveragerði frá 31. ágúst 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir stuðningi Hveragerðisbæjar vegna sambandsþings Norræna félagsins sem haldið verður í nóvember í Þorlákshöfn og Hveragerði.
Bæjarráð samþykkir að koma að sambandsþinginu í samræmi við umræðu á fundinum. Kostnaði vegna fyrirhugaðs vinabæjamóts er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
- 1.5. **Guðrúnu Hafsteinsdóttur frá 25. ágúst 2015.**
Í bréfinu óskar bréfitari eftir að opnunartími sundlaugarinnar í Laugaskarði verði endurskoðaður þannig að sundlaugin opni kl. 6:30 á virkum dögum.
Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015 var samþykkt að gera

tilraun með rýmri opnunartíma, að sundlaugin myndi opna kl. 6:45. Þessari breytingu hefur þegar verið hrint í framkvæmd og geta því bæjarbúar mætt fyrir í sund en verið hefur.

Erindi bréfitara um enn rýmri opnunartíma er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.6. Námsefnisbankanum frá 29. júní 2015.

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna innleiðingar á Námsefnis-bankanum að fjárhæð kr. 200.000.- Styrkurinn komi til baka sem inneign í áskriftarleiðum fyrir skóla sveitarfélagsins.

Bæjarráð vísar erindinu til fræðslunefndar.

1.7. Knattspyrnudeild Hamars frá 17. ágúst 2015.

Í bréfinu óskar Meistaraflokkur knattspyrnudeildar Hamars eftir að Hveragerðisbær leysi til sín auglýsingaskilti sem stendur á horni Breiðumarkar og Þjóðveggar 1 og framselji knattspyrnudeildinni það í samræmi við samning þar um frá 13. nóv 2007.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við bréfitara og formann Íþróttafélagsins Hamars vegna erindisins.

1.8. Byggbræðrum frá 31. ágúst 2015.

Unnur Þormóðsdóttir vék af fundi meðan á afgreiðslu málsins stóð.

Í bréfinu óska Byggbræður eftir að fá að fjölga íbúðum á lóðum Dalsbrún 9-11 og 13-15 um eina íbúð á hvorri lóð.

Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu enda er nýlega búið að fjölga íbúðum í hverfinu og var þá þegar ljóst að lengra yrði ekki gengið í þeim efnum.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Andmæli vegna afturköllunar lóðar Varmahlíð 17.

Viktoría Sif Kristinsdóttir vék af fundi meðan á afgreiðslu málsins stóð.

Lagt fram bréf frá Árnýju Sigurbjörgu Guðjónsdóttur hdl, sem ritað er fyrir umbjóðendur hennar þar sem afturköllun á úthlutun lóðarinnar Varmahlíð 17 er mótmælt.

Bæjarráð samþykkir að draga til baka afturköllun lóðarinnar og gefur frest til 1. desember svo aðilar geti skilað inn fullgerðum aðaluppdráttum að fyrirhugaðri framkvæmd á lóðinni. Liggi aðaluppdrættir ekki fyrir á þeim tíma mun lóðin verða afturkölluð. Bæjarráð bendir á að í aðalskipulagi er lóðin íbúðalóð og eru því áform um aðra notkun lóðarinnar í ósamræmi við skipulag. Breyting á því kallar að lágmarki á grenndarkynningu.

2.2. Afgreiðsla skipulags- og byggingar- og umhverfisnefndar Ölfus frá 20. ágúst 2015 um réttarbyggingu í mynni Reykjadal.

Lagt fram bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus frá 25. ágúst þar sem bókun skipulags- og byggingar- og umhverfisnefndar Ölfus frá 20. ágúst 2015 um Deiliskipulag fyrir Reykjadal, óveruleg breyting vegna réttarbyggingar í mynni Reykjadal var á dagskrá.

Bæjarráð samþykkir að þar sem umrædd grenndarkynning hefur þegar borist verða athugasemdir við bæði erindin bókuð undir liðnum 2.3.

2.3. Grenndarkynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjadal í Ölfusi.

Lagt fram bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss vegna grenndarkynningar á óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjadal í Ölfusi.

Bæjarráð kallar eftir rökstuðningi sveitarstjórnar Ölfuss um að umrædd breyting á deiliskipulagi sé óveruleg. Að mati bæjarráðs getur framkvæmdin ekki talist endurgerð á núverandi rétt í Ölfusdal eins og fram kemur á deiliskipulagsupprætti. Enginn vafi getur leikið á að um nýja framkvæmd er að ræða sem kalli á sérstakt framkvæmdaleyfi sbr. 13 gr. IV. kafla laga nr. 123/2010.

Fram kemur í bókun skipulags- og byggingar- og umhverfisnefndar Ölfuss frá 20. ágúst sl. að fyrir um það bil ári síðan hafi legið fyrir þrjár tillögur að staðsetningu á rétt á svæðinu. Bæjaryfirvöld í Hveragerði hafa aldrei fengið upplýsingar um þessar mögulegu staðsetningar. Því kallar bæjarráð nú þegar eftir niðurstöðu valkostagreiningarinnar áður en afstaða er tekin til grenndarkynningarinnar.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna áframhalds þáttanna „Að Sunnan“ á N4.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 28. ágúst þar sem rætt er um áframhaldandi stuðning við þættina „Að sunnan“ á N4.

Bæjarráð samþykkir að styðja við þáttagerðina með sama hætti og gert hefur verið.

3.2. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Lagðar fram umsóknir um námsvist í Vallaskóla í Árborg fyrir þrjú systkini.

Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu enda væri slíkt í andstöðu við reglur um námsvist utan lögheimilissveitarfélags sem í gildi eru.

3.3. Reglur og skilyrði um frístundastyrki barna í Hveragerði.

Lögð fram drög að reglum og skilyrði vegna frístundastyrkja til barna í Hveragerði.

Reglurnar og skilyrðin samþykkt samhljóða. Bæjarstjóra falið að kynna fyrirkomulagið fyrir foreldrum og forráðamönnum barna á aldrinum 0-18 ára í Hveragerði.

3.4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna heimilisins Birkimörk.

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna heimilisins Birkimörk vegna veikinda starfsmanna.

Bæjarráð samþykkir viðauka upp á kr. 1.200.000.- sem fari af liðnum 21-01-9980-1 til síðari ráðstöfunar v/ starfsmanna.

3.5. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna leikskólans Undraland.

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna leikskólans Undraland vegna veikinda starfsmanna.

Bæjarráð samþykkir viðauka upp á kr. 2.500.000.- sem fari af liðnum 21-01-9980-1 til síðari ráðstöfunar v/ starfsmanna

3.6. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna styrkja til dagforeldra.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 1. september vegna styrkja til dagforeldra.

Bæjarráð samþykkir að styrkja dagforeldra í Hveragerði árlega um kr. 50.000.- til búnaðarkaupa séu þeir með fullskipuð pláss miðað við reglur þar um. Hugmyndum um breytingar á niðurgreiðslum vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Þá mun einnig verða tekin afstaða til byggingar nýs leikskóla þar sem gert verði ráð fyrir að börnum frá 12 mánaða aldri standi til boða vist.

4. Atvinnustefna Hveragerðis.

Farið yfir drög af atvinnustefnu ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt að vísa drögunum til bæjarstjórnar.

5. Verkfundagerðir:

5.1. Grunnskólinn í Hveragerði, eldhús frá 28. ágúst 2015.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:55

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)